

## V E S T U R L A N D

### VETRARMÁLINGAR

Bréf nr. 2.

#### Seljadalsá, Bíldudal.

Þ. 30. jan. 1952 fór Magnús Valdimarsson, Bíldudal með mér að Seljadalsá. Yfirfallsstífla sú, sem Bílddalíngar byggðu í ánni á hausteða vetur er ónothaf, vatnið streymir allt undir hana. Ég mældi því rennslið á stallinum, þar sem inntaki virkjunar hefur verið hugsaður staður.

$Q = 40$  l/sek, b.e.a.s.  $5$  l/sek pr  $\text{km}^2$ .

Því næst fórum við að Hnjúksvatni og ætluðum að vita, hvort vatn rynni um skurð úr vatninu niður til Hnjúksár. Þar var allt hulið snjó og engan fundum við lækinn. Snjóþýpið á melnum norðan vatnsins var um meter, og hvorugur vissi fyrir vist, hvar læksins var að leita, og svo skall á aftakaveður.

Vík að Seljadalsá síðar.

#### Hnjúksá, Bíldudal.

Þennan dag, 30. jan., mældi ég Hnjúksá hjá inntaki rafstöðvarinnar.

$Q = 130$  l/sek, b.e.a.s.  $18$  l/sek pr  $\text{km}^2$ .

#### Fossá, Fossfirði.

Þ. 31. jan. fór ég frá Bíldudal að Fossá; aðeins nokkurn hluta leiðarinnar var unnt að ganga á skiðum. Þá um daginn braut ég klaka af mælistöðum Fossár, en varð að fresta rennismælingum sökum veðurofsa. Vindur var norðan og hiti um frostmark. Allt var blautt af særóki langt upp í fjallshlíðar, en skafrenningsbylur hið efra.

Næsta dag (1. febr.) reyndist vatnsrennsli Fossár ofan við næsta fossinn  $280$  l/sek (mælingar: Min  $275$ , Max  $282$ )  
b.e.a.s.  $10$  l/sek pr  $\text{km}^2$ .

Dynjandiá og Mjólká.

Haldið inn Arnarfjörð að morgni 3. febr. Guðmundur Jóhannsson frá Dynjanda flutti mig inn eftir og ætlunin var að dvelja í eyðibýlinu Dynjandi meðan á athugun stæði. Mældum Mjólká þá um daginn

$Q = 1.05 \text{ m}^3/\text{sek}$ , hér er Borgarhvilftarlækur kominn í Mjólká.  
Rennslið er  $35 \text{ l}/\text{sek}$  pr  $\text{km}^2$ .

Næsti dagur fór í að moka upp yfirfallið og góðan vatnsrennslismalistað í Dynjandiá. Þann 5. febr. var haldið til Eyjavatna. Úr Eyjavatni runnu  $0,78 \text{ m}^3/\text{sek}$ , b.e.a.s.  $37 \text{ l}/\text{sek}$  pr  $\text{km}^2$ .

Ekki vannst tími til að mæla rennslið úr Stóra-Eyjavatni; á malistaðnum lá töluverður lausasnjórn, og skafrenningur var á. Þar sem svifað hafði frá klettum við ána nokkru fyrir norðan vatnið, virtist vera töluvert rennsli, en ekki hægt að mæla það þar sökum stórgrýtis.

Hjá Dynjanda var rennslið  $0,85 \text{ m}^3/\text{sek}$ , b.e.a.s.  $26 \text{ l}/\text{sek}$  pr  $\text{km}^2$ .

Í botni Arnarfjarðar var mikil fönn. Síðustu ábúendur jarðanna þar létu fé sitt ganga sjálfala fram eftir vetri, og þegar veður spilltust í desember, tókst ekki að finna það allt. Nú sést þar hvergi kind, enda varla von, því að þar eru sennilega komnar undir fönn fyrir löngu. Í norðaustan átt skefur af hinum hvössu fjallsbrúnunum niður í dalsbotnana, einmitt þangað sem féð leitar skjóls á hörðum veðrum. Aftur á móti virtist sem mýs hafi dafnað öllu betur að eyðibýlinu Dynjanda, því að þar gerðu steypárásir á komumenn ekki ein og ein, heldur tugum og hundruðum saman.

Ekkert vissum við um veðurspá, því að hvorki höfðum við útvarp né síma, og héldum því af stað til Bíldudals 6. febr.; þáívar hæg norðanátt með éljum inni í norðurfjörðunum, en sunnan við Langanesið hrepptum við hvassa norðvestanátt með brotsjóum, en máðum þó til bíldudals síðari hluta dagsins.

#### Seljadalsá, Bíldudal.

Þ. 7. febr. hélt ég frá Bíldudal til Tálknafjarðar. Að Hnjúksvatni fylgdi mér Ásgeir Jónsson, bóndi Litlueyri. Við gengum úr skugga um, að ekkert vatn rann um skurðinn úr Hnjúksvatni niður í Hnjúksá.

Vatnsyfirborð Hnjúksvatns var fallið niður fyrir skurðbotninn og sömuleiðis niður fyrir farveginn ú Hnjúksvatni til Seljadalsár. En norðan í Hnjúknum, nokkru lægra heldur en yfirborð Hnjúksvatns, fossa fram töluverðar lindir niður í Hnjúksá; vatn þeirra mun vera botnleki úr Hnjúksvatni. Allt úrkomusvæði Hnjúksvatns verður því að teljast til Hnjúksár, a. m. k. að vetrinum til, en í vatnavöxtum fer nokkurt yfirborðsvatn til Seljadalsár.

Rennslið í Seljadalsá mældist nú 43 l/sek. Þótt það sé þrem l/sek meira heldur en 30. jan., er ekki rétt að álykta að það hafi aukizt; skekkjur í mælingunum eru nálægt + eða - 5 l/sek, svo að telja verður rennslið í Seljadalsá 40 l/sek, þ.e.a.s. 5 l/sek pr km<sup>2</sup>.

#### Tunguá, Tálknafirði.

Yfirfallið í Tunguá hefur reynzt ágætlega. 7. febr. var Q = 60 l/sek, þ.e.a.s. 17 l/sek pr km<sup>2</sup>.

#### Suðureyrará, Tálknafirði.

Þ. 8. febr. var rennslið 85 l/sek, þ.e.a.s. 21 l/sek pr km<sup>2</sup>. Vatnasvæði Tunguá, og þó einkum Suðureyrará, eru falleg. Niður í dalsbotnunum eru urðarbingir og smátjarnir, sem geyma og jafna rennslið.

### Suðurfossá, Rauðasandi.

Frá Sveinseyri fór ég (8. febr.) með bát að Hvalskeri með viðkomu að Suðureyri. Frá Hvalskeri hélt ég að Mábergi á Rauðasandi og kom þangað laust eftir hádegi. Reynir bóndi Ivarsson hélt þegar með mér að Suðurfossá og leituðum við að vatnsrennslismelistað í 150 m hæð. Við urðum þó frá að hverfa, þegar myrkrið skall á án þess að finna nothafan stað. Næsta dag héldum við þrír til fjallsins, auk okkar Reynis, faðir hans, Ivar Halldórsson, bóndi að Melanesi. Þann dag (9. febr.) tókst okkur að mæla rennslíð:  $Q = 70$  l/sek (mælingar: Min 67 og Max 75 l/sek). Rennslíð var því 5 l/sek pr km<sup>2</sup>.

Næsta morgun héldum við Reynir upp með Gyltubólssá að Oddavatni. Það var erfitt að átta sig á hvar vatnið var og ógjörlegt að finna frárennslíð. Ég hélt svo að Haga á Barða-strönd, því að ekki leit út fyrir að ferð félli frá Patreksfirði fyrr en eftir vikutíma.

### Vatnsdalsá, Vatnsfirði.

Frá Haga hélt ég inn í Vatnsfjörð 11. febr., og með mér Gíslí nokkur frá Hvammi; engin skiði hafði hann og varð því að kafa mjöllina, en það batti úr skák, að hann var hinn mesti göngugarpur, sá hraustasti þar á ströndinni, að því er Hákon bóndi í Haga taldi.

Þr Vatnsdalsvatni rann 1,7 m<sup>3</sup>/sek, þ.e.a.s. 17 l/sek pr km<sup>2</sup>.

Þegar mælingu lauk, var myrkrið að skella yfir. Ég ætlaði að Fossá um kvöldið, og tók Gíslí þann kostinn að fara þangað líka, því að að Fossá var aðeins 6 km leið, en nær helmingi lengra að Brjánslek, og gegnum skógarkjarr að fara með djúpum snjó.

### Fossá, Hjarðarnesi.

Að Fossá býr Haraldur Sigurmundsson. Hann bað mig að athuga ána Fossá, sem rennur við tónjaðarinn. Haraldur hefur hug á heimilisvirkjun og mun í því sambandi snúa sér bréflaga

til raforkumálastjóra. Mældum við rennsli árinna (í fláti)  
10 l/sek, þ.e.a.s. 2 l/sek pr km<sup>2</sup>.

Ætlunin var að fá bát frá Firði vestur að Auðhaugi og flytja mig inn Kerlingarfjörð, en báturinn komst ekki út fyrir íshröngli. Laust eftir hádegi lagði ég svo áf stað inn fyrir Kjálkafjörð og náði að Skálmardal um kvöldið (Vattarnes er í eyði).

#### Múlaá, Kollafirði.

Frá Skálmardal hélt ég að Múla við Kollafjörð og mældi Múlaá.

Q = 320 l/sek, þ.e.a.s. 7,5 l/sek pr km<sup>2</sup>.

Þegar mælingu var lokið, var komið fast að kvöldi og ekki haldið lengra þann daginn.

#### Heyá, Reykjanesi.

Þ. 14. febr. hélt ég frá Múla að Skerðingsstöðum. Yfirfellsstíflan þar hefur reynzt með ágætum, og nú, 15. febr., var rennslið í Heyá 75 l/sek þ.e.a.s. 6 l/sek pr km<sup>2</sup>.

#### Staðará, Stað.

Staðará mæld 16. febr.

Q = 16 l/sek, þ.e.a.s. 2 l/sek pr km<sup>2</sup>.

#### Eftirmáli.

Allar þessar mælingar og sömuleiðis í bréfi nr. 1 eru samþarilegar; þær eru gerðar við sömu aðstæður, eftir langvarandi vetrarhörkur. Engin leysing hefur átt sér stað á þessu tímabili. Að vísu hafa komið frostleysur með eins til tveggja stiga hita niður við sjávarmál með þoku eða salla-rigningu, en slíkt hefur engin áhrif haft á renslá; fönn aðeins sigið og hlaupið svo í gadd.

En nú virðist hafa skipazt veður í lofti, skollin er yfir sunnan átt með þjóviðri og rigningu.

Átla má, að nokkur töf verði því á vetrarmælingum í  
bílí.

17/2 1952

Sigurjón Rist.